

Föstudaginn 23. júní 1989.

Nr. 239/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Vilborgu Yrsu Sigurðardóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Bjarni Stefánsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. júní 1989, sem barst Hæstarétti 19. júní. Hún krefst þess aðallega, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og synjað um framlengingu gæsluvarðhalds hennar, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur til muna.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

I.

Með úrskurði sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 3. júní 1989 var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 föstudaginn 16. júní. Krafa um framlengingu á gæsluvarðhaldi varnaraðila var lögð fram á dómþingi í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum kl. 9 árdegis 16. júní. Skipaður verjandi varnaraðila óskaði eftir fresti þar til kl. 19 um kvöldið til að skila skriflegri greinargerð í málinu, enda myndi hann skila henni fyrr, ef unnt reyndist. Dómari féllst á að veita þennan frest. Varnaraðili var síðan færð fyrir dóminn til yfirheyrslu, er lauk kl. 12.58. Var hún þá færð í geymslu um sinn samkvæmt ákvörðun dómara og bókað, að samkvæmt ákvörðun dómara yrði hún „í geymslu í Síðumúlafangelsi allt að kl. 11.48 17. júní 1989, með vísan í 66. gr. laga nr. 74/1974“. Ákvörðun dómarans var kærð til Hæstaréttar, en því kærumáli vísað frá Hæstarétti í dag með dómi í málinu nr. 236/1989.

Telja verður, að krafa um framlengingu gæsluvarðhalds hafi ver-

ið tímanlega fram lögð. Eins og hér stóð á, var dómara heimilt að verða við beiðni hins skipaða verjanda um frest til greinargerðar og taka sér sjálfur frest til að taka afstöðu til kröfunnar, enda gögn málsins umfangsmikil og úrskurður sá, sem hér er til meðferðar, lagður á málið innan þess frests, sem mælt er fyrir um í 66. gr. laga nr. 74/1974. Verður úrskurðurinn ekki ómerktur af þessum sökum.

II.

Varnaraðili er grunuð um brot gegn lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni, og reglugerð nr. 16/1986, um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, en grunur beinist einnig að sambúðarmanni hennar og fleira fólki. Rannsókn máls þessa er ekki lokið. Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, gætir misræmis í framburði varnaraðila og annarra, er borið hafa um málið, vitneskju hennar um það og hlut hennar að því.

Rökstuddur grunur leikur á, að enn hafi ekki náðst til allra þeirra, sem hér eiga hlut að máli, einkum manns, sem talinn er hafa staðið að kaupum og innflutningi á 1 kg af kókaíni í félagi við sambúðarmann varnaraðila og nafngreindan mann, sem ýtarlega hefur borið um málið, en tjáir sig ekki með vissu vita deili á þessum félaga þeirra. Fyrir dómi sagðist varnaraðili hafa nefnt mann við lögregluna „sem líklegastan í því sambandi, en kveðst hafa neitað að skrifa undir það, því að hún geti ekki fært rök að því“.

Af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík er bent á, að fullvíst sé talið, að varnaraðili hafi tekið þátt í þessu fíkniefnamisferli. Enn sé óljóst um þátt hins þriðja manns og hugsanlega fleiri aðila að málinu. Einnig þurfi fjármál varnaraðila og sambúðarmanns hennar frekari rannsóknar svo og ætluð dreifing þeirra á kókaíni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að fallast á, að hætt sé við, að það geti torveldað frekari rannsókn málsins, ef varnaraðili verður nú látin laus.

Með vísan til þessa og 67. gr., 1. mgr. 1. tl., laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 16. júní 1989.

Ár 1989, föstudaginn 16. júní, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, og þá kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Hinn 3. júní sl. var Vilborg Yrsa Sigurðardóttir, kt. 240863-7319, úrskurðuð í gæsluvarðhald allt til kl. 15.00 föstudaginn 16. júní 1989 hér við embætti samkvæmt kröfu lögregluþingvalda í Reykjavík.

— — —

Af hálfu lögregluþingvalda í Reykjavík hefur þess verið krafist, að gæsluvarðhald, sem Vilborgu Yrsu var gert að sæta frá 3. júní sl., verði framlengt allt til kl. 15.00 laugardaginn 15. júlí nk.

Í skriflegri greinargerð, er verjandi Vilborgar, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., lagði fram hér fyrir dómi, krafðist hann þess aðallega, að synjað yrði kröfu lögreglu, en til vara, að um beðinn gæsluvarðhaldstími yrði stytur til muna.

Nefndur verjandi mótmælti gerð og framlagningu fjögurra lögregluskýrslna, þ.e. dómskjals nr. II, þar sem rannsóknarlögreglumenn gefa skýrslu um óformleg samtöl við gæslufangann. Telur nefndur verjandi þessar skýrslur ekki uppfylla ákvæði 39. gr. og 40. gr. laga nr. 74/1974 og gerir kröfu um, að litið verði fram hjá nefndum skýrslum.

Í nefndri greinargerð telur verjandi ekki vera efni til að vísa í kröfugerð lögreglu til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, því að hann telur rannsókn málsins enga hættu stafa af, þótt Vilborg Yrsa gengi laus.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986.

Rannsókn lögreglu á fíkniefnamisferli þessu er mjög viðtæk, og má ætla, að þetta sé alvarlegasta fíkniefnamisferli, sem rannsakað hefur verið af lögreglu héraðs.

Þegar virtur er í heild framburður Vilborgar Yrsu Sigurðardóttur og fram lagðar viðbótarskýrslur lögreglumanna, sem ekki verður litið fram hjá, verður að ætla, að Vilborg Yrsa hafi viðtæka vitneskju um ýmis atriði þessa stórfellda sakamáls, er hér er til rannsóknar.

Þykir það samkvæmt öðru ofangreindu styrkja enn fyrri grunsemdir um, að Vilborg Yrsa sé með refsiverðum hætti bendluð við margnefnt kókaín-misferli.

Þykir því 65. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þessa, annars ofanritaðs, svo og 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu lögregluþyrvalda og ákvarða, að Vilborg Yrsa Sigurðardóttir, kt. 240863-7319, skuli sæta framlengingu gæsluvarðhalds frá kl. 15.00 föstudaginn 16. júní 1989, en þó ekki lengur en allt að kl. 15.00 miðvikudaginn 12. júlí nk.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framlengt er gæsluvarðhald Vilborgar Yrsu Sigurðardóttur, kt. 240863-7319, frá kl. 15.00 föstudaginn 16. júní 1989 og allt að kl. 15.00 miðvikudaginn 12. júlí 1989.
